

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 10. tbl. 11. árgangur 13. desember 2017

Látum hvert augnablik skipta máli.

Nú er árið 2017 senn að renna sitt skeið. „Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á effir sér“. Það eru orð að sönnu. Við fáum ekki stöðvað tímann. Börnin stækka og fljúga úr grasi. Þess vegna er mikilvægt að njóta samvistanna við þau sem mest. Tíminn fer nefnilega ekki aftur á bak.

Undanfarnar vikur hef ég ásamt Sirrý samstarfskonu minni á fræðsluviðinu farið milli skóla og átt samtali við marga hópa nemenda á unglingsstigi um viðhorf þeirra til þess hvað er góður skóli og hvað við getum gert betur í skólunum. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið gaman að heyra viðhorf þeirra til skólans og hvornig þau sjá fyrir sér að hann þurfi að breytast miðað við þarfir framtíðarinnar. Það hefur verið afar ánægjulegt að heyra hve nemendur eru upp til hópa ánægðir með skólana sína. Þau eru ánægð með kennarana sína og finnst þeim leggja mikið á sig fyrir nemendur. Þeim finnst mikilvægt að komast í skólann til að hitta vini sína og vera með þeim. „Vinirnir eru mikilvægastir á þessum aldri“ segja þau, „við lærum líka svo mikið hvert af öðru“. En þau nefna jafnframt að þau vilji fá að læra miklu meira saman, leysa viðfangsefni í sameiningu og gjarnan fá að hafa meira um það að segja hvað þau læra. Þau láta sér líka annað um aðra nemendur. Tala um að skólarnir ættu að vera opnir lengur á daginn svo nemendur sem ekki eiga sterkt bakland geti fengið hjálp við heimanám eða bara átt þar öruggt athvarf. Þau eru framsýn og vita að það verður margt breytt þegar þau koma á vinnumarkaðinn fyrir alvöru. Þau vita að þau þurfa að vera opin og óhrædd við að læra eitthvað nýtt, þurfa að vera hæf í samskiptum og samvinnu og þau þurfa að vera hæf til að meta upplýsingar. Þau gera sér líka grein fyrir að skapandi hugsun skiptir máli til að leysa ýmis flókin viðfangsefni eins og hlýnun jarðar, flóttamannavandann, matarsón og fleira. Raddir barna skipta máli. Þær þurfa að heyrast og stundum er sagt að vilji maður virkilega finna bestu lausnina á einhverju flóknu verkefni, þá á maður að spyrja börn. Þau eru tær í hugsuninni og hafa frjótt ímyndunarafli.

Nú þegar aðventan er gengin í garð skulum við leggja okkur fram um að ígrunda góð gildi eins og kærleika, sam hjálp, virðingu og vináttu. Af tímanum er í raun nóg. Það er bara spurning um hvornig við veljum að verja honum. Verjum honum í samverustundir með börnunum. Spjöllum við þau um þessi gildi og hlustum hvað þau hafa að segja. Njótum hvers augnabliks og gleymum ekki að þakka fyrir það sem við höfum, fáum og njótum.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla elsku nemendur, foreldrar og starfsfólk skólanna á Akureyri.

Soffía Vagnsdóttir Sviðsstjóri fræðsluviðs Akureyrarbæjar.

Síðasti Skóla-akur fyrir jól.

Sendum öllum starfsmönnum skólanna og lesendum Skólaakurs bestu jóla og nýársóskir og þakkir til allra sem aðstoðað hafa við efni í blaðið og prófarkalestur. Einnig eru lesendur hvattir til að senda inn fréttir og myndir.



Myndir augnabliksins eru frá 60 ára afmæli Oddeyrarskóla 7. desember. Fjölbreytt dagskrá var í tilefni dagsins. Hægt er að sjá myndbönd og meira um afmælið [hér](#)



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga.-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Kakóferð á Kiðagili.

Á Kiðagili er það margra ára hefð að fara í heimsókn á Bautann og fá kakó og kleinur, ferðin er heilmikil upplifun farið er með strætó, jólaljósinn skoðuð, dansað kringum jólatréð á Ráðhústorgi og jólakötturinn skoðaður vel og vandlega. Farið er með eina deild í einu, ekki er hægt að merkja annað á meðfylgjandi myndum en mikil gleði og ánægja fylgi þessu ferðalagi. Ýmislegt annað er brasað á Kiðagili í desember og má þar helst nefna árlegt jólaboð fyrir foreldra en þá er sett upp jólakaffihús á sal og foreldrar geta tekið þátt í jólakortagerð. Einnig er haldið í þann gamla sið að skera út laufabrauð sem er svo notað með jólamat sem verður n.k. föstudag en þá mæta allir þrúðbúnir með jólasveinahúfu og borða saman hangikjöt með tilheyrandi meðlæti.



Lundarskóli í vinaheimsókn.

Nemendur í 6. bekk í Lundarskóla heim-sóttu jafnaldra sína í Brekkuskóla. Fjölmenn var í íþróttatíma í Höllinni þar sem um 120 börn voru saman í leik og hreyfingu. Börnin voru til fyrirmyndar, hlustuðu, voru kurteis, glöð og virk í því sem verið var að gera. Stefnt er að því að Brekkuskóli heimsæki Lundarskóla á vorönn og er tilhlökkun í hópnum.




Ljóðasamkeppni í Naustaskóla.

Hér má sjá ljóð sem unnu ljóðasamkeppni sem efnt var til í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Í hópakeppninni bar þetta ljóð sigur úr býtum:

Í skólanum er skemmtilegt að læra,
þar má nokkra kennara kæra.
Við ætlum ekki að nefna neinn,
en það eru fleiri en einn.
Ef við nefnum nöfn þá erum við í klandri,
ÆVINLEGA Andri.

Í einstaklingskeppninni var það ljóðið svohljóðandi:
Mömmur deyjja aldrei,
því að ástin
er allt of sterk.
Ástin er það mikilvægasta
í heiminum.

Að lokum voru veitt sérstök verðlaun fyrir skemmtilega framsetningu á ljóði sem myndaði útlínur Íslands eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. [Sjá nánar](#)



Nýjar gjaldskrár sem taka gildi 1. janúar 2018.

[Gjaldskrá fyrir frístund og skólamáltíðir](#)

[Gjaldskrá leikskóla Akureyrarbæjar](#)

Snjalltækni í leikskóla – vefsíða.

Föstudaginn 1. desember 2017 opnaði Krógaból vefinn Snjalltækni í leikskólastarfi sem er afrakstur þróunarstarfs í læsi og snjalltækni. Verkefnið hefur verið í þróun frá 2014 og miðar að því að efla málrækt í leikskólanum og nýta snjalltækni á skapandi hátt. Á vefnum má finna upplýsingar um verkefnið og sýnishorn af vinnu kennara og barna. [Sjá nánar](#).